



Hjúkrunar- og Óvularheimili

## 20. Stjórnarfundur stjórnar Lundar haldinn á Lundu 1. febrúar 2016 kl. 10.

Mættir: Drífa Hjartardóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Hjalti Tómasson, Þórhalla Guðrún Gísladóttir, Ágúst Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Bjarni Jón Matthíasson (lundir lið 1) og Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Viðbygging- útboðsmál:** Farið yfir stöðuna á útboðsmálum. Auka stjórnarfundur ákveðinn vegna málsins 2. febrúar kl. 13.
2. **Starfsemi Lundar (Margrét kynnti):**
  - a) Saga skráningakerfi: Kerfið var keypt í lok árs 2015, verið er að innleiða kerfið þessa dagana og markmið með því að nútímavæða alla skráningu og þar með sjúkraskrá íbúa.
  - b) Framkvæmdir: Búið er að laga glugga og dúk í matsal það var gert í lok árs 2015. Kostnaður um 1.400.000. Stefnt er á endurbætur á a.m.k. einu herbergi í elsta hlutanum árið 2016.
  - c) Komin inn 4 tíma vakt aftur á kvöldin v. álags verður endurskoðað reglulega.
  - d) Dagvistarrými: Aukin þörf er fyrir dagvistarrými á Lundi. Margréti falið að senda aftur bréf til Velferðaráðuneytis og óska eftir auknum fjölda rýma.
3. **Kaup á húsgögnum – gjafasjóður:** Óskað er eftir 1.500.000 kr. til kaupa á húsgögnum fyrir stofu og gang inni matsal. Samþykkt að veita fjárhæðina úr gjafasjóði.
4. **Önnur mál:**
  - Rætt um mögulega samnýtingu á bakvöktum hjúkrunarfræðinga á sýsluvísu og mikilvægi þess til að ná fram hagræðingu í rekstri. Talið er að hvort hjúkrunarheimili geti sparað 5-6 milljónir á ári. Óskir um skoðun á þessu hefur áður verið hafnað af Rangárþingi eystra.
  - Rætt var um hús við Seltún 2,4, og 6 á lóð Lundar og möguleika á að segja upp lóðarleigusamningum. Óskað er eftir því að sveitarfélagið taki til endurskoðunar deiliskipulag í kringum Lund.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:40  
fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Ealfríður  
Pinnuáttarsal  
Elin Grétasdóttir

Drífa Hjartardóttir,  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir